

BRÁÐABIRGÐALÖG

109

19. sept.

um breyting á lögum nr. 58/1946, um menntaskóla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Menntamálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að breyta nú þegar lögum nr. 58/1946, um menntaskóla, á þann veg, að heimilt verði að skipa þá, er lokið hafa fyrir 1. janúar 1949 kennara- eða meistara-prófi við Háskóla Íslands eða hliðstæðu prófi við sambærilega stofnun, kennara við menntaskóla, enda þótt þeir hafi eigi stundað nám í uppeldis- og kennslufræðum, þar eð skortur sé á mönnum til kennslustarfa við nefnda skóla og störf skólanna hefjist innan fárra daga.

Með skirskotun til framanritaðs eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

2. málsg. 15. gr. laga nr. 58/1946, um menntaskóla, hljóði þannig:

Þessi ákvæði ná eigi til þeirra, sem nú eru fastir kennarar skólanna. Svo skulu og þeir, er lokið hafa umræddu fullnaðarprófi innan ársloka 1948, vera undanþegnir skilyrðinu um nám í uppeldisfræði og kennsluæfingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. september 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

AUGLÝSING

110

19. sept.

um inngöngu Íslands í Bernarsambandið.

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 74 frá 5. júní 1947 hefur utanríkisráðuneyti Svisslands verið afhent skjal um staðfestingu Íslands á sáttmála þeim, er gerður var í Bern 9. september 1886 og síðast endurskoðaður í Róm 2. júní 1928, um vernd bókmennna og listaverka.

Sáttmálinn gekk í gildi fyrir Ísland 7. þ. m. með þeim fyrirvara, að varðandi þýðingar gildir 10 ára frestur sá, sem tiltekinn er í 4. gr. laga nr. 13 frá 20. október 1905 í stað 50 ára frests 8. gr., sbr. 7. gr. sáttmálans.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, hinn 19. september 1947.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.